

# Grunnskólinn fagnaði 20 ára afmæli



Eins og fram kemur á öðrum stað í blaðinu þá verður sveitarfélagið Snæfellsbær 30 ára í þessari viku og er því fagnað með veglegri

afmælisdagskrá. Grunnskóli Snæfellsbæjar fagnað einnig afmæli í síðustu viku en þá voru 20 ár frá sameiningu

skólanna á Hellissandi og í Ólafsvík, ýmislegt var gert til að fagna áfanganum og meðal annars

myndað þetta stóra hjarta á Sáinu í Ólafsvík. Nánar er sagt frá afmælinu á innsíðum.



**Við bjóðum upp á  
alhliða bílaviðgerðir,  
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímamantanir í síma 436-1111

## Priðji flokkur í fjáröflun

Ungar og drifnar knattspyrnukonur ætla að halda fótboltaskóla fyrir stelpur fæddar 2012-2015 þann 9. júní næstkomandi í Akraneshöllinni. 3. flokkur kvenna Víkings Ó. hefur undanfarið stundað æfingar með sameiginlegu liði Skallagríms og ÍA en þær stefna á að fara saman á USA Cup í bandaríkjunum um miðjan júlí. Í heildina eru þær 26 talsins en fjórar þeirra koma

frá Víking Ó. Munu þær sjá um framkvæmd og þjálfun í fótboltaskólanum með stuðningi frá foreldrafulltrúum en skólinn er hluti af fjáröflun þeirra fyrir USA Cup. Stelpurnar hafa einnig gengið í fyrirtæki og óskað eftir styrkjum fyrir ferðinni en einstaklingar og fyrirtæki geta ennþá styrkt þær með því að leggja inn á reikning 0552-14-401021, kt. 500487-1279

# Sinueldur í Staðarsveit

Snemma að kvöldi miðviku-dagsins 5. júní kviknaði sinueldur í Staðarsveit fyrir ofan eyði-býlið Haga. Eldur kviknaði í rafmagnsstaur út frá 66kv línu þegar vír losnaði af einangrara. Hvorki mannlíf né mannvirki voru í hættu en krafturinn í sinueldnum var mikill, var hann fljótur að breiðast út í rokinu. Allt tiltækt slökkvilið á Snæfellsnesi var kallað út ásamt björgunarsveitunum Lífsbjörgu, Klakki og Berserkjum sem mættu með sexhjól og buggybíla til að aðstoða við flutninga á dælum, búnaði og mannskap að eldinum. Talið er að um 60 til 70 hektarar af landi hafi brunnið en sinueldurinn fór um svæðið á milli Álftavatns, Staðarsstaðar, Þorgeirsfells og Haga. Vaskir meðlimir slökkviliða og björgunarsveita á Snæfellsnesi tókust



á við eldinn og lauk slökkvistarfi þeirra seinna um kvöldið. Meðfylgjandi myndir eru frá Slökkviliði Snæfellsbæjar.

SJ

## Hjóladagur í leikskólanum



Þann 7. júní var hjóladagur í leikskólanum krílakoti, þá koma börnin með hjólin sín að heiman og að sjálfsgöðu hjálmana líka, í kringum leikskólann er svo girt af svæði þar sem börnin fá að hjóla án þess að vera í hættu vegna umferðar.

Eins og oft áður þá kom fulltrúi lögreglunnar í heimsókn og fræddi börnin um hjálmanotkun og helstu öryggisatriði sem hafa þarf í huga við hjólréiðar.

Börnin fengu svo skoðunarmiða frá lögreglunni ef allt var í lagi.



Bifreiðaverkstæði Ægis.  
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

## GSNB færði Krabbameinsfélaginu gjöf



Góðgerðardagar Grunnskóla Snæfellsbæjar, Látum gott af okkur leiða, voru haldnir í apríl þegar nemendur buðu í opið hús þar sem fólk gat gert sér glaðan dag og keypt alls kyns varning og þjónustu. Nemendur skólans ákváðu að ágóði góðgerðardaganna skyldi renna til Krabbameinsfélags Snæfellsness og var upphæðin afhent á skólaslitum skólans þann 5. júní. Þau Hanna Imgront og Kristian Sveinbjörn Sævarsson, útskriftarnemendur og stjórnarmeðlimir nemenda-

félags skólans afhentu 903.850 krónur fyrir hönd skólans og tóku þær Eygló Kristjánsdóttir og Guðrún Þórðardóttir, stjórnarmeðlimir Krabbameinsfélags Snæfellsness, við þessari veglegu gjöf. Krabbameinsfélag Snæfellsness skilar hjartans þökkum til nemenda og starfsfólks Grunnskóla Snæfellsbæjar og samfélagsins alls fyrir að styðja við þau til að styrkja Krabbameinsfélag Snæfellsness.

SJ



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

# Afmælishátíð Grunnskóla Snæfellsbæjar

Síðasti vordagur Grunnskóla Snæfellsbæjar í ár var með breyttu sniði í tilefni 20 ára afmælis skólans en nú eru 20 ár liðin frá því að Grunnskólinn í Ólafsvík og Grunnskólinn á Hellissandi sameinuðust undir Grunnskóla Snæfellsbæjar, ári síðar bættist Grunnskólinn á Lýsuhóli í hópinn. Byrjuðu nemendur og starfsfólk daginn á að fara í skrudgöngu um Ólafsvík með viðkomu á leikskólanum Krílakoti og dvalar- og hjúkrunarheimilinu Jaðri þar sem var sungið fyrir áheyrendur. Hópurinn gekk svo að Sáinu þar sem þau leiddust og mynduðu saman stórt og fallett hjarta í tilefni afmælisins. Nemendum var skipt í hópa, hver hópur fékk ákveðið þema og mættu nemendur og starfsfólk skrudbúin auk þess sem þau voru prýdd veifum, fánum og borðum. Eftir



skrudgönguna var farið í ratleik um bæinn, deginum og skólaárinu var að lokum slitið með grillveislu. Gleðin var við völd þennan dag og lögðu nemendur og starfsfólk sig öll fram við að gera afmælishátíð skólans sem ánægjulegasta.

SJ



## Golfklúbburinn Vestarr kaupir íþróttasvæðið

Golfklúbburinn Vestarr í Grundarfirði stendur nú frammi fyrir töluverðum breytingum. Í 27 ár hefur klúbburinn leigt íþróttasvæðið undir Bárarvöll af landeiganda Suður Bár. Nýlega sagði landeigandi upp samningnum og óskaði eftir því að klúbburinn myndi kaupa svæðið. Síðastliðna 6 mánuði hafa staðið yfir samningaviðræður á milli stjórnar Vestarr og landeiganda um verð og svæði og 30. maí síðastliðinn, á félagsfundi klúbbsins var lagt fram kauptilboð fyrir félagsmenn. Kauptilboðið hljóðar upp á 70 milljónir og var það samþykkt einróma af öllum viðstöddum með fyrirvara um fjármögnun. Næst á dagskrá hjá Golfklúbbum er fundur með bærarstjórn Grundarfjarðar um aðkomu þeirra að kaupnum auk þess að leita til velunnara og félagsmanna eftir styrkjum. Um er að ræða stóra upphæð fyrir lítil samtök en nú þegar hafa íbúar Grundarfjarðar tekið vel í



verkefnið og velunnarar klúbbsins veitt fram hjálparhönd. Um er að ræða kaup á 25 hektara svæði með möguleika á kaupum á tveimur hekturum til viðbótar í náinni framtíð.

Á meðfylgjandi mynd sést heil svört lína umhverfis völlinn en hún markar íþróttasvæði sem golfklúbburinn hefur samþykkt að kaupa af landeiganda, punktalína umhverfis æfingarsvæði markar svæði sem klúbbum stendur til boða að kaupa eftir 3 ár.

SJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is  
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

## Boltinn

Víkingar fengu KF í heimsókn laugardaginn 8. júní í 2. deild karla. Víkingar eru áfram taplausir eftir sex umferðir á mótinu en þeir unnu KF með tveimur mörkum gegn engu. Björn Axel Guðjónsson skoraði fyrri mark leiksins rétt áður en flautað var til hálfleik, á 45. mínútu. Víkingar héldu forystu allan leikin og Anel Crnac bætti svo við öðru marki á 90. mínútu. Þetta var þriðji sigur heimamanna í sumar og enn hafa þeir ekki tapað leik. Næsti leikur liðsins er við Hauka á Birtu vellinum í Hafnarfirði fimmtudaginn 13. júní.

Íslandsmót 5. deildar karla í B riðli heldur áfram og átti Reynir H. leik á móti Mídas þann 5. júní síðastliðinn. Leikurinn fór fram á Víkingsvelli í Reykjavík. Leikurinn byrjaði ekki vel en Reynismenn skoruðu sjálfsmark á 29. mínútu. Leikmaður Mídas bætti svo við öðru marki í fyrri hálfleik. Mikið var um gul spjöld í leiknum og bættu Mídas menn við tveimur mörkum stuttu eftir hálfleik. Reynismenn náðu að klóra í bakkann á 78. mínútu þegar Dawid Jerzy Zuk skoraði mark en Mídas náðu svo að bæta við einu marki í lokinn. Niðurstaða leiksins var því 5-1 Mídas í vil og trónir Mídas í efsta sæti deildarinnar. Reynir H. er í 7. sæti deildarinnar með 1 stig og á leik á móti Uppsveitir þann 15. júní á Ólafsvíkuvelli klukkan 14:00. Nú þurfa strákarnir á okkar stuðningi að halda og eru því öll hvött til að mæta á völlinn um helgina og styðja þá áfram.

# 30 ára afmæli Snæfellsbæjar



Þann 11. júní 2024 eru 30 ár frá því Snæfellsbær varð til.

Snæfellsbær fagnar þessum áfanga með afmælisviku sem hefst 11. júní og lýkur á Þjóðhátíðardegi Íslands 17. júní.

Fjölbreytt dagskrá verður í vikunni og hvetjum við íbúa til virkrar þátttöku.

## Til hamingju með afmælið!

### 11. júní

- Kl. 17:30 Formleg opnun á nýju rennibrautinni við sundlaug í Ólafsvík. Íbúum er boðið upp á afmælisöku og lifandi tónlist.
- Kl. 20:00 Landsbankamótaröðin á Fróðárvelli.

### 12. júní

Afmæliscaffi fyrir íbúa á Dvalarheimilinu Jaðri.

- Kl. 13:00 Félag eldri borgara með sölu og sýningu í nýju húsnæði félagsins, Höllinni. Opið til kl. 16:00.
- Kl. 16:00 Opnun listasýningar Vagns Ingólfssonar í Pakkhúsinu í Ólafsvík. Opið til kl. 20:00. Kvenfélag Ólafsvíkur með kaffisölu.
- Kl. 17:30 Kvennamótaröð Snæfellsness á Fróðárvelli.

### 13. júní

- Kl. 13:00 Leikfélagið Lauga er með spuna og leiki fyrir krakka (þriðji bekkur og eldri) í íþróttahúsinu í Ólafsvík. Stendur til kl. 15:00.
- Kl. 13:00 Félag eldri borgara með sölu og sýningu í nýju húsnæði félagsins, Höllinni. Opið til kl. 16:00.
- Kl. 15:00 Opnun listasýningar Bjarna Sigurbjörnssonar í Þjóðgarðsmiðstöðinni á Hellissandi. Stendur til kl. 17:00.
- Kl. 14:00 Opið á listasýningu Vagns Ingólfssonar í Pakkhúsinu frá kl. 14:00 - 18:00.



13. - 17. júní

Kvenfélag Ólafsvíkur

Kaffisala í Pakkhúsinu  
frá kl. 14:00 - 16:30.



## 14. júní

- Kl. 11:00 Íbúum og öðrum gestur er boðið upp á ís á opnunartíma Lýsu lauga. Opið frá kl. 11:00 - 21:00.
- Kl. 13:00 Barnastund í Þjóðgarðsmiðstöðinni á Hellissandi frá kl. 13:00 - 14:00. Skemmtileg fræðslustund og leikir fyrir alla krakka.
- Kl. 13:00 Félag eldri borgara með sölu og sýningu í nýju húsnæði félagsins, Höllinni. Opið til kl. 16:00.
- Kl. 14:00 Opið á listasýningu Vagns Ingólfssonar í Pakkhúsinu frá kl. 14:00 - 18:00.
- Kl. 20:00 Karaoke í Frystiklefanum.

## 15. júní

- Kl. 10:00 Ljósmyndasýning með myndum frá liðinni tíð, í sundlaug Snæfellsbæjar í Ólafsvík frá kl. 10:00 - 18:00.
- Kl. 13:00 Skemmtipátturinn *Bestu lög barnanna* heimsækir Snæfellsbæ og syngur með öllum börnum í Sjómannagarðinum í Ólafsvík.
- Kl. 14:00 Opið á listasýningu Vagns Ingólfssonar í Pakkhúsinu frá kl. 14:00 - 18:00.

## 16. júní

- Kl. 10:00 Ljósmyndasýning með myndum frá liðinni tíð, í sundlaug Snæfellsbæjar í Ólafsvík frá kl. 10:00 - 18:00.
- Kl. 14:00 Opið á listasýningu Vagns Ingólfssonar í Pakkhúsinu frá kl. 14:00 - 18:00.

## 17. júní

- Kl. 10:00 Hátíðardagskrá í Ólafsvík og Staðarsveit í tilefni af þjóðhátíðardeginum 17. júní og 80 ára afmæli Lýðveldisins.
- Kl. 12:00 Opið á listasýningu Vagns Ingólfssonar í Pakkhúsinu frá kl. 12:00 - 18:00.
- Kl. 13:00 Blómaganga um Búðarhraun með landverði Snæfellsjökuls-þjóðgarðs. Gangan er auðveld og hentar öllum aldri.



# Erro listaverk væntanlegt

Mikill viðbúnaður var á Sáinu í Ólafsvík í vikunni þegar 16 fermetra veggur var settur þar upp. Á vegginn mun koma listaverk eftir ERRO en hann fæddist í Dagsbrún í Ólafsvík þann 19. júlí 1932. Verkið verður sett upp í tilefni 30 ára afmæli Snæfellsbæjar og verður vígt í kringum mánaðamótin næstu. Listaverkið sjálft eru handmálaðar flísar sem komu til landsins í síðustu viku frá Portúgal en flísarnar verða svo festar á vegginn.

JJ



Sími: 430 3700  
www.fmis.is



## Sumarhátíð Lýsusels



Sumarhátíð Lýsukots, leikskólans Lýsudeildar, var haldinn miðvikudaginn 29. maí. Þá hélt leikskólinn hátíð og bauð grunnskólanum að vera með. Líf og fjör var á hátíðinni, sápukúlur, andlitsmálun, leikir, hoppukastali og froðurennibraut voru á

staðnum. Ungir og sem aldnir tóku rúnt á traktornum, grillað var ofan í mannskapinn og skemmtunin endaði svo á hópferð í Lýsulaugar. Veðrið var gott og skemmtu sér allir vel á sumarhátíð Lýsukots.


SJ

## Hlaupið yfir Jökulháls

22. júní næstkomandi fyllist bæjarfélagið af hressum og kátum hlaupurum sem munu hlaupa 22 kílómetra frá Arnarstapa og yfir Jökulhálsinn til Ólafsvíkur. Mikil eftirvænting er fyrir hlaupinu ár hvert meðal hlaupara en Snæfellsjökulshlaupið var í 3. sæti yfir bestu utanvegahlaup ársins 2023 út frá einkunnagjöf hlaupara á hlaup.is. Nú styttest í að skráningarfresti í hlaupið ljúki en síðasti séns að skrá sig er á miðnætti 16. júní. Það stefnir allt í met skráningu í ár en rúmlega 300 manns hafa nú þegar boðað komu sína. Í fyrra voru um 180 keppendur og því verður hlaupið í ár töluvert umfangsmeira. Það er enn tími til að reima á sig hlaupaskóna og byrja undirbúning og hvetjum við alla til að taka þátt. Á myndinni má sjá Halldóru Huld

sem sló brautarmet kvenna í fyrra á tímanum 1:41:20.

JJ



# Samráðsfundur um framhaldsdeild FSN á Patreksfirði

Fjölbrautaskóli Snæfellinga hóf rekstur framhaldsdeildar á Patreksfirði haustið 2007. Í upphafi átti deildin að vera þróunarverkefni til fjögurra ára en þetta verkefni þóttist takast vel og Framhaldsdeildin er enn rekin. Ýmsar ástæður styðja við þá hugmynd að reka framhaldsdeildina sem útibú frá FSN í Grundarfirði. Helstu ástæður fyrir því að bjóða upp á þennan möguleika á framhaldsmenntun í heimabyggð er m.a. hækkun lægðisaldurs í 18 ár 1997, hversu lágt hlutfall nemenda úr Vesturbyggð lauk framhaldsskólanámi, hversu kostnaðarsamt það er fyrir fjölskyldur að senda unglíngla í burtu til náms í framhaldsskóla og brotflutningur fjölskyldna vegna skólaskórnar barna á framhaldsskólaaldri.

Nemendum í deildinni hefur hins vegar fækkað m.a. vegna styttingar náms til stúdentsprófs og fækkunar nemenda í árgöngum á upptöku-svæðinu. Á vinnudögum var m.a. fundur með starfsfólki FSN og hagadilum í Vesturbyggð en þarna voru m.a. mættir fulltrúar úr nýrri sveitarstjórn í Sameinuðu sveitarfélagi

Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar, skólalastjórar, fyrrum nemendur, fulltrúar foreldrafélaga, tómstundafulltrúi, fulltrúar sem sjá um skóla og fræðslumál og foreldrar. Á fundinum var framtíð Framhaldsdeildarinnar rædd og mögulegar leiðir til þess að efla deildina en deildin er í töluverðri varnarbaráttu um þessar mundir.

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari hóf fundinn, bauð heimafólkið sérstaklega velkomio og fór yfir upphaf deildarinnar. Ólafur Þór Ólafsson fráfarandi sveitarstjóri Tálknafjarðar stýrði síðan fundinum. Hermann Hermannsson, mannauðsstjóri FSN og Svanhvít Sjöfn Skjaldardóttir, deildarstjóri framhaldsdeildarinnar kynntu niðurstöður úr viðhorfskönnun sem var lögð fyrir útskrifaða nemendur framhaldsdeildar. Helstu niðurstöður úr viðhorfskönnuninni voru m.a. þær að nemendur eru þeirrar skoðunar að gæði náms í FSN er sambærilegt og í öðrum framhaldsskólum. Útskrifaðir nemendur telja að ferðirnar í Grundarfjörð hafi verið mik-



ilvægar og þar hafi myndast vinasambönd og tengsl sem eru enn til staðar í dag. Framhaldsdeild FSN er góður kostur fyrir nemendur á sunnanverðum Vestfjörðum að mati nemenda. FSN hefur reynt að koma til móts við þarfir nemenda og síðastliðin tvö ár hafa verið reglulegar komur kennara í deildina yfir önnina. Reynt er að hafa 2-3 ferðir á önn og koma kennararnir 2-4 saman.

Eftir þessa kynningu tók við hópavinna þar sem unnið var með SVÖT greiningu þ.e. fundarmenn ræddu styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri í rekstri Framhaldsdeildarinnar. Helstu styrkleikar sem komu fram voru m.a. að það er kostur að geta sótt sér nám í heimabyggð og verið heima hjá fjölskyldunni sinni undir verndarvæng foreldra og/ eða forráðamanna. Á þessum árum taka nemendur út mikinn þroska og það er gott að geta gert það á sínu heimasvæði og það eru meiri líkur á því að unga fólkið komi aftur á sitt heimasvæði og setjist þar að eftir frekari menntun. Þá var einnig nefnt sem kostur að kostnaður foreldra er minni og börn á staðnum lífga upp á bæina. Aðstaðan í skólanum þykir góð, nemendur fá góða og persónulega þjónustu og kennsluáðferðir eru framúrstefnulegar og efla sjálfstæð vinnubrögð hjá nemendum en það nýtist þeim mjög vel í frekara námi og út á vinnumarkaðinum. Helstu ógnanir og veikleikar voru fámenni og smæð deildarinnar, námsframboð

og fjárskortur. Fundarmenn sáu mörg tækifæri til að efla deildina og nefndu til dæmis að auka samstarf við fyrirtæki á svæðinu, fara í samstarf við aðra skóla og efla fjárnám eldri nemenda. Í lokin komu ýmsar hugmyndir frá hópunum sem tengdust flestar fjölbreyttara félagslífi fyrir nemendur, aukin samskipti nemenda, meiri markaðssetningu og finna fósturfjölskyldur á Snæfellsnesi fyrir nemendur framhaldsdeildar þannig að þeir geti gist þar í námsferðum.

Það er nokkuð ljóst að nemendur sem stunda framhaldsnám í heimabyggð eru líklegri til þess að koma aftur til baka eftir að hafa farið og sótt sér frekara nám og var samhljómur um að það er byggðastefna ef nemendur eiga möguleika á að sækja sér framhaldsnám í heimabyggð, það styrkir samfélögin ef að unglíngar á aldrinum 16-20 ára eru hluti af íbúasamsetningunni í stað þess að hverfa á braut á haustin. Þessi fundur gaf okkur margar hugmyndir um hvað við gætum gert í framtíðinni og í samtalinu skynjuðum við samhug um þessa deild og vilja til að hún starfi áfram þannig að starfsfólk Fjölbrautaskóla Snæfellinga fór tvíflítt heim með bjartsýnina í farteskinu. Við þökkum Sameinuðu sveitarfélagi fyrir frábærar móttökur og hlökkum til frekara samstarfs.

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir  
skólameistari  
Fjölbrautaskóla Snæfellinga


## Rán gaf Krílakoti æfingakubba



Lionsklúbburinn Rán gaf leikskólanum Krílakoti nýlega æfingakubba að gjöf. Æfingakubbar barnir eru léttir svampkubbar með vínilláklæði sem auðvelt er að leika með og raða upp. Hægt er að gera skemmtilega þrautabraut í minni kubbum en einnig gaf klúbburinn leikskólanum sett sem eru stærri kubbar sem samanstanda af tröppum,

rennibraut, göngum og rúllu. Mun þessi viðbót nýtast vel í íþróttasalinn á leikskólanum. Á meðfylgjandi mynd er Hermína Lárusdóttir, leikskólalastjóri, eða taka á móti kubbum frá Verkefna- og líknanefnd Lionsklúbbsins Ránar, þeim Mörtu Pétursdóttir, Elínu Krístrúnu og Unni Emanúelsdóttur.

SJ



Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

**Pétur Kristinsson hdl.**  
lögiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



Salernispappir 500 blaða.



Risa-WC salernispappir.



Miðapurkur (Z- & V- brot) og rúllur.



Sorpokar úr endurunnu plasti.



Skrjáfokar í ýmsum stærðum.  
BIO maispokar fyrir lifrænan úrgang.



Taupvottaduft Voot 15kg.



Einnota nitril hanskar sem henta vel við framleiðslu i eldhúsi eða við þrif.



Einnota vinyl-stretch-hanskar á góðu verði úr blöndu af nitril og vínýl. Henta vel i t.d eldhús og þrif.



Hotline 8 húð og hársápa með mildum kókósilim.



Ræstivagn CombiX  
Léttur ræstivagn með 2 x 25 L fötum.



Gólfþápa ECO Selden  
Umhverfisvæn,  
lágfreyðandi þápa.



Ecodos umhverfisvottuð hreinsiefni i skömmtunarbrúsum.